

Átak í viðhaldi og endurnýjun gatnakerfisins

Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu og Vegagerðin eru sammála um að eiga samstarf um undirbúning nauðsynlegs átaks í viðhaldi og endurnýjun gatnakerfis höfuðborgarsvæðisins.

1. Sameiginlegt mat á ástandi, viðhaldspörf og endurbótaþörf

Unnið verði sameiginlegt mat á þörf við viðgerðir, viðhald og endurbætur á gatnakerfi höfuðborgarsvæðisins eftir erfiða vetur og sparnað síðustu ára.

2. Áætlun um viðhald og endurbætur

Unnin verði sameiginleg viðhalds- og endurbótaáætlun fyrir vega- og gatnakerfi höfuðborgarsvæðisins með það að markmiði að tryggja viðundandi þjónustustig.

3. Fjármögnun

Vegagerðin og sveitarfélög leggi mat á kostnað við átakið og nauðsynlegar framkvæmdir. Jafnframt verði lagt mat á hlut slits vegna aukningar umferðar, vaxandi ferðaþjónustu (bílaleigubílar og rútur), notkunar nagladekkja, veðurfars og annarra atriða. Vegagerðin mun nýta hluta sinna viðhaldsfjárveitinga til viðgerða, viðhalds og endurbóta á þeim hluta gatnakerfisins sem hún ber ábyrgð á, og leita auk þess samráðs við innanríkisráðuneytið um möguleika á auknum fjárheimildum næstu ár til átaks í viðhaldi gatna á höfuðborgarsvæðinu. Sveitarfélögin munu með sama hætti nýta fjármuni til viðgerða, viðhalds og endurbóta og gera tillögur til sveitarstjórna um nauðsynlegar fjárveitingar þetta ár og til næstu ára.

4. Rannsóknir

Vegagerðin og sveitarfélög dragi saman þær rannsóknir sem fyrir liggja um gatnagerð, malbikslagnir og væntan endingatíma. Sérstaklega verði hugað að umhverfissjónarmiðum og mögulegri endurnýtingu malbiks. Greindar verði ástæður versnandi ástands, skemmda og holumyndunar í gatnakerfinu og gerðar tillögur að frekari rannsóknum þar sem þekkingu skortir.

Aðilar samkomulagsins munu skipa sameiginlega verkefnisstjórn. Mat á stöðu mála skv. lið 1 verður fyrsta verkefni og skal það liggja fyrir eigi síðar en 1. maí nk.

Reykjavík xx mars 2016

f.h. Vegagerðarinnar

f.h. Reykjavíkurborgar

f.h. Kópavogsbæjar

f.h. Hafnarfjarðarbæjar

f.h. Garðabæjar

f.h. Mosfellsbæjar

f.h. Seltjarnarnessbæjar